FUNDARGERÐ ÁRSFUNDAR 2010

HALDINN AÐ GRAND HÓTEL REYKJAVÍK,
MIÐVIKUDAGINN 28. APRÍL 2010 kl. 17:00

Dagskrá ársfundar:

1. Fundarsetning.
2. Skipan fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Kynning ársreiknings.
5. Tryggingafræðileg úttekt.
6. Störf endurskoðunarnefndar
6. Fjárfestingarstefna.
7. Tillaga til breytinga á samþykktum.
8. Tillaga um lækkun réttinda.
9. Kosning stjórnar.
10. Ákvörðun launa stjórnarmanna.
11. Kjör endurskoðanda.
12. Önnur mál.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Fundarsetning.

Vilhjálmur Egilsson stjórnarformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Vilhjálmur gerði tillögu um Þórarin V. Þórarinsson hrl. sem fundarstjóra sem var samþykkt samhljóða.

2. Skipan fundarstjóra og fundarritara.

Þórarinn V. Þórarinsson tók við fundarstjórn og upplýsti að hann hefði kannað boðun fundarins og áskildar auglýsingar og úrskurðaði hann löglegan, þar sem rétt hefði verið til hans boðað. Þórarinn gerði tillögu um Örn Arnþórsson sem fundarritara sem var samþykkt samhljóða. Fundarstjóri tilkynnti að fundur þessi væri lokaður fjölmiðlum og bað fjölmiðlamenn að yfirgefa fundinn áður en gengið væri til næsta dagskrárliðar.

3. Skýrsla stjórnar.

Vilhjálmur Egilsson stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar. Í upphafi máls síns sagði Vilhjálmur að árið 2009 hefði verið viðburðaríkt ár og að hann kallaði þetta ár „ár viðsnúnings". Tekist hafi verið á við afleiðingar hrunsins og grunnur skapaður til nýrrar sóknar. Öll starfsskilyrði hafi verið erfið en tekist hafi að verja grunnloforð sjóðsins þ.e. að öll lífeyrisréttindi séu verðtryggð og greiddur sé verðtryggður lífeyrir. Þrátt fyrir öll skakkaföll er staða sjóðsins viðunandi og heildarstaða í árslok 2009 er –11,6%. Þessi neikvæða tryggingafræðilega staða er ekki eingöngu til komin af töpuðum kröfum og lélegri ávöxtun, heldur einnig af breyttri samsetningu greiðandi sjóðfélaga og auknum lífslíkum. Þessir tveir þættir þ.e. samsetning greiðandi sjóðfélaga og auknar lífslíkur kosta sjóðinn nálægt 15 milljörðum í tryggingafræðilegri stöðu. Stjórn Gildis mun leggja fyrir þennan ársfund tillögu um 7% lækkun réttinda til að draga úr halla sjóðsins.

Vilhjálmur gerði grein fyrir línuriti sem sýnir þróun lífeyris frá árinu 2006. Á línuriti þessu er borin saman vísitala neysluverð, vísitala launa og lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum fyrir þetta tímabil. Línuritið sýnir þær hækkanir sem voru á greiðslum sjóðsins á árunum 2006 og 2007 og einnig lækkanir sem komu til á árunum 2009 og nú 2010 og sýnir að greiðslur úr sjóðnum í dag standa jafnfætis við hækkun neysluvísitölu á sama tíma. Á þessum rúmlega fjórum árum hafa lífeyrisþegar sjóðsins síðan fengið lífeyrisgreiðslur sem voru langt umfram vísitöluhækkanir verðlags og launa.

Erum við komin fyrir vind ? Ýmsir jákvæðir þættir eru í stöðunni t.d. niðurfærslur að mestu leyti komnar fram, ávöxtunarmöguleikar ættu að batna, aldurssamsetning greiðanda til sjóðsins á að breytast til baka og eftir er að taka tillit til framlags frá ríkinu vegna jöfnunar örorkubyrði. Neikvæðir þættir eru áhætta vegna erlendra eigna við lágt gengi og áhætta vegna óuppgerðra gjaldmiðlaskiptasamninga. Síðan vék Vilhjálmur að þeim þáttum sem sjóðurinn hefur verið að vinna í og eru nýir í starfsemi sjóðsins. Hvað er framundan ? Aðalatriðið er að auka getu sjóðsins til að meta og taka áhættu. Ákveðið er að taka upp formlegt áhættumatskerfi og efla starfsemi eignastýringardeildar. Vilhjálmur skýrði frá því að Tryggvi Tryggvason sem stýrt hefur eignastýringum sjóðsins hefði ákveðið að láta af störfum og leita á ný mið. Vilhjálmur færði Tryggva þakkir fyrir mjög vel unnin störf til margra ára og að hans yrði sárt saknað. Tryggvi mun vinna að verkefnum fyrir sjóðinn fram eftir árinu.

"Hvað ber að varast og hvaða ávöxtun getum við náð í framtíðinni ? Sjóðurinn þarf 3,5% ávöxtun umfram verðtryggingu til að standa við verðtryggðan lífeyri og það er ekki einfalt mál. Við verðum að skoða þætti eins og fasteigna- og framkvæmdaverkefni, fyrirtækjalán með traustum veðum, taka þátt í uppbyggingu ábyrgs hlutabréfamarkaðar, leggja áherslu á verðtryggðar eignir og leggja áherslu á sjóðfélagalán. Einnig verðum við að velja réttu leiðirnir vegna erlendu eigna okkar sem nú eru um 80 milljarðar þannig að við töpum ekki þegar gengi krónunnar hækkar á ný"

Vilhjálmur vék að örorkumálum sjóðsins og þeirri þungu byrði sem örorkan væri sjóðnum. Á árunum 2007-2009 voru örorkulífeyrisgreiðslur rúmlega 30% af lífeyrisgreiðslum sjóðsins. Staðan verður auðveldari á næstu árum þar sem ríkisframlag til jöfnunar á örorkubyrði mun koma til sjóðsins. Framlag þetta var 965 milljónir á árinu 2009. Beðið er eftir að heimilt verði að taka þetta framlag inn í tryggingafræðilegt mat og mun það styrkja tryggingafræðilega stöðu sjóðsins (áætlað 1,6%). Einnig er uppbygging Starfsendurhæfingarsjóðs (VIRK) þáttur í að vinna gegn örorku.

Vilhjálmur spurði: "Hverjir eru bakhjarlar lífeyrissjóðanna og þurfa lífeyrissjóðirnir bakhjarla? Samtök atvinnulífsins og verkalýðshreyfingin hafa verið bakhjarlar þessa kerfis frá upphafi og halda menn að staðan yrði betri ef þessir aðilar kæmu þar ekki nærri. Nei, það er fráleitt og það að þessir aðilar hafi leitt lífeyrissjóðina hefur verið þeirra aðalstyrkur. Þetta er samfélagslegt verkefni og engir betur hæfir en aðilar vinnumarkaðarins til að gera það. Það eru mismunandi réttindakerfi á almennum og opinberum vinnumarkaði og menn þurfa að þora að bera ábyrgð. Það er að koma að skuldadögum hjá opinbera kerfinu og hafa stjórnmálamenn þann styrk og þá ábyrgð sem þarf til að taka á því máli. Lífeyrismálin verða í miðpunkti í næstu kjarasamningum og það er sameiginlegt verkefni aðila vinnumarkaðarins að leiða lífeyriskerfi þjóðarinnar áfram "

Fundarstjóri tilkynnti að umræður um skýrslu stjórnar, kynningu ársreiknings og tryggingafræðilega úttekt verði teknar sameiginlega eftir framsögu til að spara tíma.

Jóhann Páll Símonarson tók til máls og andmælti þessari ákvörðun fundarstjóra og óskaði eftir að fá umræður eftir hvern dagskrárlið. Fundarstjóri hafnaði því að verða við þeirri ósk.

4. Kynning ársreiknings.

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir reikningum sjóðsins fyrir árið 2009.

Árni fór yfir stærstu liði í reikningum sjóðsins samhliða því að svara nokkrum spurningum um reikningana sem borist hafa í bréfum til sjóðsins og verða tekin fyrir undir liðnum önnur mál. Svör hans við þeim fyrirspurnum koma fram undir þeim lið.

Alls greiddu 39.672 sjóðfélagar hjá 4.033 atvinnurekendum iðgjöld til sjóðsins á árinu. Í árslok voru 177.791 sjóðfélagar með réttindi í sjóðnum. Fjöldi rétthafa í séreignardeild sjóðsins var í árslok 36.420. Innborguð iðgjöld á árinu voru kr. 10.840 milljónir og greiddur lífeyrir 7.890 milljónir. Fjöldi lífeyrisþega á árinu var 16.853. Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 227.306 milljónum króna í árslok 2009.

Raunávöxtun sjóðsins var - 1,7% og hrein meðalraunávöxtun sl. 5 ár er -1,0% og síðustu 10 ára 2,0%.

Árni sýndi dæmi um þróun lífeyris frá ársbyrjun 2006 fram til dagsins í dag. Lífeyrisþegi sem var með 100.000.- kr. á mánuði í janúar 2006 hefur fengið greiddar tæpar 7 milljónir króna á þessu tímabili. Hefðu greiðslur verið tengdar við vísitölu launa hefði hann fengið greiddar 6,3 milljónir og ef greiðslur hefðu verið tengdar vísitölu neysluverðs hefði hann fengið 6,2 milljónir kr. Í dag er þessi aðili með 143.000.- á mánuði en væri með 135.000.- ef lífeyrir væri tengdur vísitölu launa og 146.000.- ef lífeyrir hefði fylgt vísitölu neysluverðs.

Gerð var grein fyrir raunávöxtun einstakra eignaflokka hjá sjóðnum á árinu 2009 og sýndur samanburður á raunávöxtun lífeyrissjóðanna á árinu 2009 og einnig 5 og 10 ára meðaltöl tólf stærstu sjóðanna. Gildi – lífeyrissjóður er í 9. sæti af þessum 12 sjóðum á árinu 2009 og mun ofar ef 5 og 10 ára meðaltöl eru notuð. Gerð var grein fyrir stærstu liðum í rekstrarkostnaði sjóðsins og eru stærstu kostnaðarliðir laun og launatengd gjöld 206,8 milljónir, tölvu- og hugbúnaður 68,2 milljónir, og lögfræðikostnaður 19,7 milljónir. Laun stjórnar hafa lækkað um 27% frá apríl 2008 og laun framkvæmdastjóra voru lækkuð um 10% 1. desember 2008 og aftur um 10% 1. júní 2009.

Sjóðurinn gerði gjaldmiðlaskiptasamninga til að draga úr sveiflum í ávöxtun á erlendum verðbréfum. Samningarnir eru óuppgerðir og ágreiningur er við skilanefndir gömlu bankanna um uppgjör þeirra. Viðræður um uppgjör hafa ekki skilað árangri. Óvissa er um hvort sjóðnum ber að gera upp samningana og ef svo er þá er einnig óljóst við hvaða tíma og gengi á að miða. Í kröfulýsingum gerði Gildi kröfu um að samningarnir verði gerðir upp m.v. gengisvísitölu í mars 2008. Miðað við það gengi er hagnaður á samningunum. Bankarnir hafa gert kröfu um að samningarnir verði gerðir upp miðað við gengi á gjalddaga þeirra, en samkvæmt því væri skuldin 20.786 millj. kr. Í uppgjöri sjóðsins er m.v. gengisvísitöluna 175 og gert ráð fyrir að kröfum sjóðsins á hendur bönkunum verði skuldajafnað á móti kröfum bankanna. Það sem þá stendur eftir er fært til skuldar í ársreikningnum, 7.113 milljónir króna. Lífeyrissjóðirnir skoða nú hvort upplýsingar í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis styrki stöðu sjóðanna gagnvart bönkunum í hugsanlegum málaferlum vegna gjaldmiðlasamninganna.

Árni gerði grein fyrir sundurliðuðum afskriftum fyrirtækjaskuldabréfa og skuldabréfa banka og fjármálafyrirtækja bæði á árinu 2008 og árinu 2009. Afskriftir þessara ára nema 22.970 milljónum króna og nema um 10% af eignum sjóðsins í árslok 2009. Ennþá er óvissa um endanlegar endurheimtur, afskriftir gætu orðið meiri eða minni eftir atvikum. Efst á þessum lista er afskrift á Glitni banka eða 4.377 milljónir. Stærsti liðurinn þar er víkjandi skuldabréf sem sjóðurinn keypti í apríl 2008 upp á 3,0 milljarða. Sjóðurinn rekur nú dómsmál til að fá skuldabréf þetta metið sem almenna kröfu í þrotabú bankans og ef þeirri kröfu verður hafnað stefnir í málarekstur við bankann vegna rangrar upplýsingagjafar um fjárhagsstöðu bankans við kaup skuldabréfsins. Í bréfi frá Erni Pálssyni Landssambandi smábátaeigenda sem tekið verður fyrir undir liðnum önnur mál kemur fram spurning um þetta víkjandi skuldabréf.

Sýnt var yfirlit yfir hlutabréfasafn sjóðsins 30.9.2008 eða á þeim tíma er hrunið varð. Eign sjóðsins í innlendum hlutabréfum á þeim tíma var talin 35,2 milljarðar. Við hrunið töpuðust öll þessi hlutabréf að undanskyldum hlutabréfum í Össuri og Marel og hlutabréf sjóðsins í Alfesca sem voru seld. Eignastaðan á þessum tímapunkti í þessum þremur fyrirtækjum var þá 3,9 milljarðar. Árni gat þess að miklar rangfærslur hefðu verið í gangi varðandi hlutabréfakaup sjóðsins og því haldið fram að sjóðurinn hafi verið stór kaupandi hlutabréfa í fjármálafyrirtækjum allt fram að hruni. Lagði hann fram yfirlit sem sýnir sölu sjóðsins á hlutabréfum í fjármálafyrirtækjum síðustu 12 mánuði fyrir hrunið. Nettósala hlutabréfa á þessu tímabili var 4,6 milljarðar.

5. Tryggingafræðileg úttekt.

Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt á sjóðnum miðað við 31.12.2009.

Í upphafi máls síns gerði Vigfús grein fyrir því hvað fælist í tryggingafræðilegri úttekt og þeim forsendum sem stuðst væri við. Hlutverk sitt væri að reikna út getu sjóðsins til að standa við skuldbindingar samkv. réttindabókhaldi. Stærsti liðurinn í þessu fyrir utan eignastöðu og lífslíkur væri framtíðarávöxtun sjóðsins sem í þessum útreikningum væri 3,5% sem er mjög há ávöxtun þegar til langs tíma væri litið.

Áfallnar skuldbindingar í árslok 2009 umfram eignir eru taldar 41.968 milljónir í árslok 2009 eða 15,3% og heildarskuldbindingar umfram eignir eru 52.067 milljónir eða 11,6%.

Nú er miðað við lífslíkur samkvæmt reynslu áranna 2004-2008 á Íslandi en á síðasta ári var miðað við reynslu áranna 2001-2005. Staða sjóðsins hefði verið um 1% betri ef gömlu lífslíkurnar hefðu verið notaðar áfram.

Ef tillaga stjórnar um 7% lækkun réttinda sem lögð verður fram hér síðar á fundinum verður samþykkt, fer áfallin staða í - 8,9% og heildarstaða í - 7,7%.

Fundarstjóri gaf nú orðið laust um skýrslu stjórnar, kynningu ársreiknings og tryggingafræðilega úttekt.

Til máls tók **Jóhann Páll Símonarson.**

Hann sagði stjórn sjóðsins hafa vitað allt frá árinu 2006 að bankarnir væru í vondum málum en þó hefði verið haldið áfram allt fram að hruni að kaupa hlutabréf í bönkunum og þá sérstaklega í Kauphingi. Stjórn sjóðsins er ábyrg fyrir þessum kaupum og á að víkja. Öll þessi skuldabréfakaup án veða voru forkastanleg og eingöngu gerð til þess að hygla atvinnurekendum. Jóhann sagði það kröfu hins almenna sjóðfélaga að atvinnurekendur færu burt úr stjórnum lífeyrissjóðanna.

Jóhann Páll lagði fram blað með spurningum til Vilhjálms Egilssonar stjórnarformann Gildis og óskar eftir að spurningar og svör verði færð til bókar.

1. *Það kemur fram í Rannsóknarskýrslu Alþingis að einstaka starfsmenn og þar á meðal Tryggvi Tryggvason forstöðumaður eignastýringar hafi farið í laxveiðiferðir á vegum Kauphings með vitneskju framkvæmdastjóra. Hvers vegna er ekki gerð grein fyrir þessu í ársskýrslu ?*
    a) *Telur þú eðlilegt að einstaka starfsmenn og sérstaklega Tryggvi Tryggvason sem hugsanlega hafa verið undir þrýstingi stjórnenda bankanna hafi brotið siðareglur og samskiptareglur sjóðsins ?*
    b) *Hvað með framhaldið Vilhjálmur ?*
    c) *Hvernig munt þú bregðast við að reglur sjóðsins hafa verið vísvitandi brotnar ?*

2. *Í hvaða tilgangi var Gildi að veðja á móti íslensku krónunni sbr. það sem kemur fram í Rannsóknarskýrslu Alþingis ?*
    a) *Hvers vegna voru varnir auknar og hvað er mikið undir í eignum ?*
    b) *Telja stjórnarmenn það ekki alvarlegt brot gegn sjóðfélögum og íslensku þjóðinni að veðja gegn íslensku krónunni ?*
3. *Árið 2006 stóð einn af viðskiptabönkunum höllum fæti og áfram héldu vandræðin meðal viðskiptabankanna fram að hruni árið 2008. Var stjórn lífeyrissjóðsins ekki ljóst hvert stefndi á þessum árum ?*
    a) *Hvernig stóð á því að stjórn lífeyrissjóðsins hélt áfram að kaupa fram að hruni ? Var það ekki tekið fyrir og samþykkt af stjórnarmönnum ?*
    b) *Samkv. skýrslu Rannsóknarnefndar segir að stefnt hafi í óefni. Hvers vegna var ekki gripið til viðeigandi ráðstafana þegar þetta ástand lá fyrir ?*
4. *Afhending á skýrslu endurskoðanda. Af hverju er hún ekki afhent ? FME hafði í bréfi til mín metið það eðlilega kröfu. Eðlileg krafa einnig í þjóðfélaginu í dag að við sjóðfélagar fáum allar upplýsingar sem viðkemur fjármunum okkar hjá lífeyrissjóðnum Gildi.*
5. *Ársreikningar 2008 – 2009 og Rannsóknarskýrslan eru skýr hvað varðar óráðsíu og óstjórn núverandi stjórnar og yfirmanna. Afsögn framkvæmdastjóra, sjóðstjóra og stjórnar. Takk*

Einnig lagði **Jóhann Páll** fram blað til endurskoðanda sjóðsins og óskar eftir að spurningar og svör verði færð til bókar.

1. *Er það ekki rétt hjá mér að skuldir umfram eignir eru um 12% ?*
    a) *Leiðir það ekki til greiðslufalls sjóðsins þegar fram í sækir að óbreyttu ?*
    b) *Er það ekki við þig og stjórn og yfirmenn sjóðsins að sakast ?*

ÓA

2. *Af hverju eru ekki skapandi reiknisskil betri hjá þér og upplýsingar liggja fyrir með skýringum og útfært betur svo sé hægt að nálgast þetta betur frá sjónarmiði fagmanna hvað er verið að fela ? Eða er stjórn sjóðsins að reyna að blekkja fyrir endurskoðanda ?*
3. *Samkvæmt bréfi FME þann 8. september 2009 kemur fram að hugsanlega uppfyllir lífeyrissjóðurinn Gildi ekki lög 129/1997 um lífeyrissjóði. Spurningin hvort það komi fram í skýrslu stjórnar.*
4. *Var brugðist við ábendingum úr endurskoðandaskýrslum, ég sakna þess að sjá ekki tilvitnun í endurskoðanda í ársskýrslu.*

Jóhann Páll ítrekaði það hann óskaði eftir svörum hér á fundinum og síðan skriflegum svörum bæði frá stjórn og endurskoðanda.

Til máls tók **Örn Pálsson.**

Örn sagðist hafa sent sjóðnum bréf dags. 27. apríl 2010 fyrir hönd Landssambands smábátaeigenda þar sem hann leggur fram spurningar í 12 liðum sem óskað er svara við. Hann geri sér ljóst að lítill tími hafi verið fyrir sjóðinn til að undirbúa svör við þessum spurningum en hann óski svara hér eins og hægt sé og síðan skriflegra svara. Efni bréfsins sé: **Ársskýrsla Gildis - lífeyrissjóðs 2009.**

1. Í ávarpi stjórnarformanns á blaðsíðu 4 í skýrslunni segir hann: *„Enn er nokkur óvissa um raunverulegt verðmæti þeirra verðbréfa sem sjóðurinn á. Á það sérstaklega við um gjaldmiðlaskiptasamninga sem sjóðurinn gerði við viðskiptabankana en við fall þeirra skapaðist mikil óvissa um hvernig gera skyldi samningana upp"*

   Við eftirgrennslan hefur undirritaður komist að því að gjaldmiðlaskiptasamningar eru yfirleitt annað hvort „evróputýpan" eða „ameríkatýpan". Sú evrópska er með einn gjalddaga og er gerð upp á þeim gjalddaga. Ameríska er einnig með ákveðinn gjalddaga en kúnninn getur komið hvenær sem er á samningstímanum og óskað eftir að gert sé upp á því gengi sem er á þeim degi. Hvoru tveggja samninganna snúa að alþjóðlegu samningsformi ISDA (International Swaps and Derivatives Association) eða BBA (British Bankers Association). Í samningsformunum er ákvæði um „nettun". Þar sem hér er um gríðarlegar upphæðir að ræða og efasemdir hafa vaknað um að staðið hafi verið nægilega vel að verki, eru spurningarnar:

   a. *Hvoru samningsformanna var farið eftir í samningum við bankana ?*
   b. *Í hverju liggur óvissan í uppgjöri við bankana ?*

2. Í skýrslunni segir stjórnarformaður einnig: *„Enn er nokkur óvissa um raunverulegt verðmæti þeirra verðbréfa sem sjóðurinn á."*

   Tilgreindir eru þrír þættir:

   a. *Gjaldmiðlaskiptasamningar Gildis og viðskiptabankanna*
   b. *Skuldabréf í fyrirtækjum og fjármálastofnunum*
   c. *Gengisáhætta vegna eigna í erlendum sjóðum*

   Hvert er umfang hvers þáttar ?

3. **Hlutverk endurskoðunarnefndar.**

   Í hverju fólst starfsemi endurskoðunarnefndar, hver er niðurstaða að starfi hennar, hefur verið tekin ákvörðun um hvort nefndin starfi áfram ?

4. *Hver er kostnaður annars vegar og ávinningur Gildis – lífeyrissjóðs hins vegar af gengisvörnum á árinu 2006, 2007, 2008, 2009, sundurliðað eftir árum ?*

5. **Skiptasamningar**

   Er það réttur skilningur að tap af skiptasamningum 2008 hafi verið 26,6 milljarðar (21,5 + 5,1) og 2009, 7,9 milljarðar (0,8 + 7,1) sbr. skýringarliði 19 og 31 eða samtals 34,6 milljarðar ?

Ef svarið er já, þá óskast sundurliðun á tapinu.

6. Á blaðsíðu 37 í kaflanum „Afleiðusamningar og skuldajöfnun" er þess m.a. getið að „Víkjandi lán sjóðsins hafi verið afskrifuð að fullu".

   Víkjandi lán hef ég skilið sem lán án trygginga.

   Hver er skýring þess að Gildi – lífeyrissjóður lánar Glitni hf. banka í einkarekstri, víkjandi lán að upphæð 3,69 milljarðar?

   Hver eða hverjir tóku ákvörðun um þetta lán, hver eða hverjir bera ábyrgðina og hvað lá til grundvallar ákvörðuninni ? Hvað gekk mönnum til ?

7. Á blaðsíðu 14 í skýrslunni er yfirlit yfir skiptingu verðbréfaeignar.

Veðskuldabréf	14,4 milljarðar
Skuldabréf fyrirtækja	7,1 milljarður
Bankabréf	4,9 milljarðar
Erlend skuldabréf	4,2 milljarðar

   Óskað er sundurliðunar á þessum þáttum, upphæðum hvers aðila.

8. Á blaðsíðu 15 í skýrslunni er getið um „Framtaks og fasteignasjóði". Þeim er treyst fyrir að geyma og ávaxta 21,5 milljarð af eignum okkar í Gildi – lífeyrissjóði.

   Hverjir eru helstu eignaflokkar og í hvaða löndum eru þeir og hvernig meta menn tryggingar þeirra ?

9. Á blaðsíðu 15.

   Einn þriggja fjárvörsluaðila Gildis eru vogunarsjóðir. Á árinu 2008 vistuðu þessir sjóðir 11,8 milljarða en um síðustu áramót lágu inni hjá þeim 7,6 milljarðar.

   Hver er skýringin á þessum mismun og hver er upphæð tapsins á fjárvörslunni í vogunarsjóðunum ?

10. Framtakssjóður á bls. 16 þar er raunávöxtun neikvæð um 19,7%, (30% nafnávöxtun). Er þar átt við Framtaks- og fasteignasjóði 21,5 milljarður eða aðeins framtakssjóði ?

    Hver er heildarupphæð tapsins í fjárvörslu Gildis í sjóðunum ?

    Hversu mikill hluti af eignunum eru eyrnamerkt fasteignabréfum ?

11. Í 3. mgr. á blaðsíðu 22 segir m.a.: *„Sjóðurinn fjárfestir í samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum sem fylgja lögum og reglum samfélagsins og viðurkenndum viðmiðunum um góða stjórnunarhætti og viðskiptasiðferði. Sjóðurinn fjárfestir ekki í fyrirtækjum sem ofbjóða siðferðisvitund almennings með ósanngjarnri framkomu gagnvart starfsfólki s.s. varðandi kjör og stjórnunaraðferðir eða með óhófi í lánamálum stjórnenda sem og öðrum rekstrarþáttum. Stjórn tekur afstöðu til slíkra mála sem upp koma og ákveður hvort selja eigi hlut sjóðsins í ljósi þeirra viðbragða sem athugasemdir við óeðlilega starfshætti fá"*

    Tekur þessi málsgrein il þess að eigendur og forsvarsmenn þessara fyrirtækja greiði sína skatta og skyldur á Íslandi ?

12. Skýringarliður nr. 22 á blaðsíðu 39.

ÖA

Hver er skýringin á því að þóknun til endurskoðanda hækkar um kr. 3,7 milljónir eða um rúm 70% milli ára ?

Örn Pálsson lauk máli sínu með þeim orðum að hann legði til að skipt verði um endurskoðendur hjá sjóðnum. Það sé sjóðnum hollt að skipta um endurskoðunarfyrirtæki eftir mótlæti síðustu tveggja ára.

Til máls tók **Eiríkur Stefánsson**.

Eiríkur ræddi um verðtryggingu lána og það böl sem hann taldi henni fylgja. Hann hvatti til þess að verðtrygging á lánum til sjóðfélaga verði felld niður þar sem enginn möguleiki væri á því að fólk gæti greitt af lánum sínum. Einnig skoraði Eiríkur á atvinnurekendur að fara burt úr stjórnum lífeyrissjóðanna. Lífeyrissjóðirnir væru eign þeirra sjóðfélaga sem til þeirra greiddu og ættu sjálfir að skipa stjórnir þeirra.

Fundarstjóri gaf **Vilhjálmi Egilssyni** orðið til að svara hluta þeirra fyrirspurna sem lagðar voru fram.

Vilhjálmur gat þess í upphafi vegna orða Eiríks Stefánssonar að verðtrygging væri lífeyrissjóðunum nauðsynleg og það grundvallarmarkmið að greiða verðtryggðan lífeyri mætti ekki gleymast eða setja í hættu.

Varðandi spurningar Jóhanns Páls sagði Vilhjálmur.

Varðandi boð í laxveiðiferðir sem þegnar hefðu verið þá væru þær tilkomnar áður en siðareglur sjóðsins voru settar og engin bein bönn voru við því að þiggja slíkar ferðir. Slíkt yrði ekki liðið í dag.

Spurningu um að Gildi hafi verið að veðja á móti íslensku krónunni sagðist Vilhjálmur ekki skilja þar sem sjóðurinn tók stöðu með krónunni en ekki á móti henni. Allir gjaldmiðlaskiptasamningar sjóðsins gengu út á það að draga úr gengisáhættu sjóðsins. Þessar varnir voru mismunandi miklar eða frá 40% upp í 70% af erlendum eignum sjóðsins.

Allir viðskiptabankarnir fengu lánshæfismat í algjörum toppi á árunum 2007 og fram eftir ári 2008 og stjórn sjóðsins hafði fulla trú á bönkunum og enginn sá það fyrir sem gerðist með bankana. Það voru ekki bara Íslendingar sem voru að tapa á bönkunum það voru lánastofnanir út um allan heim.

Varðandi afhendinu á skýrslu endurskoðenda sagði Vilhjálmur að þar kæmu fram ýmsar upplýsingar um stöðu þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn væri að afskrifa kröfur á í bókum sínum og ekki kæmi til greina að láta þær upplýsingar út af skrifstofu sjóðsins.

Varðandi kröfu um órásíu og afsögn stjórnar sagði Vilhjálmur það sína skoðun að bæði stjórn og starfsmenn sjóðsins hefðu staðið sig eins vel og hægt hefði verið að ætlast til og afsögn kæmi ekki til greina.

Árni Guðmundsson tók til máls og upplýsti að bréf Arnar Pálssonar sem Örn gerði grein fyrir hér á undan hefði borist sjóðnum seint kvöldið áður og þar af leiðandi takmarkaður tími unnist til að svara þeim spurningum sem þar koma fram. Margar þessara spurninga væru efnismiklar og þurfi tíma til að leita svara við þeim. Óskaði hann eftir heimild Arnar til að fá að svara þeim skriflega. Örn óskaði þeirra svara nú sem hægt væri að gefa og síðan skriflegu svari.

Árni svaraði spurningunum lauslega og upplýsti að Erni yrði fljótlega svarað skriflega og svarbréfið yrði birt á heimasíðu sjóðsins.

Til máls tók **Sæmundur Valdimarsson** endurskoðandi sjóðsins og svaraði fyrirspurnum Jóhanns Páls varðandi þær spurningar sem Jóhann Páll hafði beint til hans.

1. Það væri rétt að skuldir sjóðsins samkv. tryggingafæðilegri úttekt væru 11,6% umfram áætlaðar heildarskuldbindingar hans og að það muni leiða til greiðslufalls að lokum ef ekkert væri gert. Þess vegna kæmi fram síðar á fundinum tillaga frá stjórn sjóðsins um lækkun réttinda um 7% til að taka á þessum halla að hluta.

Varðandi fyrirspurn um hvort það væri ekki við hann, stjórn og yfirmenn að sakast að staða sjóðsins væri ekki betri en hún er sagðist hann leyfa sér að benda á það að endurskoðandi ræki ekki lífeyrissjóði það væri hlutverk stjórnar og starfsfólks að reka sjóðinn. Endurskoðanda væri fyrst og fremst falið það hlutverk að sjá um að þeir segðu satt og rétt frá í ársreikningi.

2. Varðandi skapandi reikningsskil vísaði Sæmundur til þess að um ársreikninga sjóðsins giltu lög um ársreikninga auk þess sem Fjármálaeftirlitið segði til um það hvað ætti að koma fram í ársreikningum lífeyrissjóða og ársreikningur Gildis væri í samræmi við þær forskriftir og bæði lög og reglur. Spurningu um það hvort eitthvað væri verið af fela fyrir endurskoðenda taldi hann ekki svo vera enda hefði ekkert komið fram sem benti til þess. Þvert á móti hefðu bæði stjórn og starfsmenn lagt sig fram um það að veita þær upplýsingar sem óskað væri eftir.

3. Varðandi bréf sem Jóhann Páll væri að vísa í frá FME um að Gildi uppfylli hugsanlega ekki lög 129/1997 gæti hann ekkert um sagt. Það bréf hefði hann aldrei séð.

4. Var brugðist við ábendingum úr endurskoðendaskýrslum spyr Jóhann Páll. Sæmundur sagði að allar þær ábendingar og lagfæringar og annað sem frá þeim hefði komið hefði sjóðurinn tekið til greina.

   Að lokum sagðist Sæmundur vilja svara fyrirspurn frá Erni Pálssyni sem Árni Guðmundsson hafi beint til sín varðandi það hvort það væri réttur skilningur hjá Erni að tap Gildis - lífeyrissjóðs á skiptasamningum hefði verið 26,6 milljarðar á árinu 2008 og 7,9 milljarðar á árinu 2009 eða samtals 34,6 milljarðar. Svarið við því væri nei. Tap sjóðsins á öllum afleiðusamningum á árinu 2008 var 21,5 milljarðar og 0,8 milljarðar 2009 eða samtals 22,3 milljarðar.

6. Störf endurskoðunarnefndar.

Heiðrún Jónsdóttir formaður endurskoðunarnefndar tók til máls.

Heiðrún gerði í upphafi grein fyrir skipan Endurskoðunarnefndar Gildis en hana hafa skipað: Heiðrún Jónsdóttir hdl., formaður, framkvæmdastjóri hjá Eimskip og stjórnarmaður í Gildi. Hólmgeir Jónsson, framkvæmdastjóri Sjómannasambands Íslands og Sigurður Þórðarson, fyrrv. ríkisendurskoðandi.

Endurskoðunarnefnd er kjörin í samræmi við lög nr. 3/2006 sem tóku gildi 1. janúar 2009. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum einingarinnar og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður einingunni. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila og endurskoðunar.

Hlutverk og starfsáætlun endurskoðunarnefndar Gildis:
Aðalhlutverk endurskoðunarnefndar er:

- Mat á eftirlitsumhverfi sjóðsins og fyrirkomulagi áhættustýringar.
- Greining á virkni innri endurskoðunar, eftirlit með framkvæmd endurskoðunar og gerð tillögu um val á ytri endurskoðanda ásamt mati á óhæði endurskoðanda.
- Tryggja fylgni við gildandi lög og reglur.

Endurskoðunarnefnd Gildis kom fyrst saman til fundar 24. júní 2009 og hefur haldið alls 14 formlega fundi. Fundir voru haldnir með ytri endurskoðendum og einnig með innri endurskoðendum og síðan starfsmönnum sjóðsins. Minnisblöð og fundur með stjórn sjóðsins.

Fundarstjóri gaf síðan orðið laust en enginn tók til máls.

7. Fjárfestingarstefna.

Davíð Rúdólfsson starfsmaður eignastýringar gerði grein fyrir þróun verðbréfamarkaða á árinu 2009 og yfirliti yfir verðbréfaeign í árslok 2009. Einnig kynnti hann fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2010 og gerði grein fyrir stöðu og afkomu séreignardeilda Gildis.

Aðstæður til fjárfestinga á innlendum verðbréfamarkaði voru erfiðar á árinu 2009 og flótti í „ öruggt skjól". Erlendir hlutabréfamarkaðir hafa komið vel til baka og komið vel út fyrir sjóðinn á árinu 2009. Innlendur hlutabréfamarkaður er aðeins til staðar að nafninu til og eru innlend hlutabréf aðeins um 1,7% af heildareignum sjóðsins í árslok 2009. Skuldabréf með ríkisábyrgð eru um 43% af heildareignum sjóðsins í árslok 2009 en þetta hlutfall fór lægst í árslok 2006 eða um 24%.

Davíð gerði grein fyrir fjárfestingum á árinu 2009 og skiptingu verðbréfaeignar í árslok 2009.

Á stjórnarfundi sjóðsins í nóvember 2009 var fjárfestingarstefnan fyrir árið 2010 samþykkt. Við fjárfestingar og eignastýringu á verðbréfasafni samtryggingardeildar sjóðsins á árinu 2010 skal stuðst við eftirfarandi hlutföll:

Innlán	**5%**
Skuldabréf	**61%**
Hlutabréf	**22%**
Óhefðbundnar fjárfestingar	**12%**

Davíð gerði síðan grein fyrir eignasamsetningu og ávöxtun séreignardeilda sjóðsins.

Fundarstjóri gaf síðan orðið laust um fjárfestingarstefnu sjóðsins en enginn tók til máls.

8. Tillaga til breytinga á samþykktum.

Í upphafi gat fundarstjóri þess að samkv. grein 23.1. í samþykktum þurfi stjórn sjóðsins með minnst sex vikna fyrirvara fyrir ársfund að senda aðildarfélögum sjóðsins og Samtökum atvinnulífsins tillögur um breytingar á samþykktum til kynningar. Í fundarboði sem sent var aðildarfélögunum fyrir tilskilinn sex vikna fyrirvara var tilkynnt um að tillaga um aukinn sveigjanleika við töku ellilífeyris yrði lögð fram á ársfundinum en hún lægi ekki fyrir í endanlegu formi. Það var síðan með bréfi 14. apríl 2009 sem tillaga sú sem hér er verið að leggja fram var send aðildarfélögunum til kynningar. Ársfundurinn hefur áður samþykkt frávik til að taka tillögu á dagskrá þó hún uppfylli ekki þennan sex vikna fyrirvara. Hann muni því taka tillöguna á dagskrá ef það sé samþykkt samhljóða.

Samþykkt samhljóða að veita þetta afbrigði og taka tillöguna á dagskrá.

Fundarstjóri las upp sérstaka greinargerð með tillögunni og síðan tillöguna sjálfa.

Tillaga til breytinga á samþykktum Gildis - um aukinn sveigjanleika við töku ellilífeyris.

Lagt er til að við 11. kafla samþykkta Gildis-lífeyrissjóðs bætist ný gr. er verði númer 11.6., svohljóðandi:

„Sjóðfélagi getur ákveðið að hefja töku ellilífeyris í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna sbr. gr. 11.4. Sjóðfélagi sem hafið hefur töku ellilífeyris að hluta eða fullu getur frestað töku lífeyris og fer þá um áhrif frestunar á lífeyrisrétt hans eftir reiknireglu í töflu IV í viðauka A, sbr. gr. 11.3. og 11.5. þannig að réttur til mánaðarlegs lífeyris aukist sem nemur áhrifum frestunar á verðmæti réttinda hans. Frestun endurvekur ekki rétt til framreiknings örorkulífeyris sem

ráðstafað hefur verið skv. gr. 11.4. Sjóðfélagi er bundinn við val sitt um töku ellilífeyris í minnst 12 mánuði í senn."

Númer annarra greina 11. kafla sem á eftir koma breytast í samræmi við framangreinda breytingu. Einnig breytast númer á töflum í viðauka A til samræmis.

Tafla IV í viðauka A.

TAFLA IV Hækkun ellilífeyris vegna frestunar eftir að taka er hafin

	Til aldurs								
Frá aldri	62	63	64	65	66	67	68	69	70
61	0,54%	0,59%	0,66%	0,73%	0,81%	0,91%	1,02%	1,16%	1,31%
62		0,55%	0,61%	0,68%	0,76%	0,85%	0,95%	1,08%	1,22%
63			0,57%	0,63%	0,71%	0,79%	0,89%	1,00%	1,14%
64				0,59%	0,66%	0,73%	0,83%	0,93%	1,06%
65					0,61%	0,68%	0,77%	0,86%	0,98%
66						0,63%	0,71%	0,80%	0,91%
67							0,65%	0,74%	0,84%
68								0,68%	0,77%
69									0,70%

Skýring:

Taflan sýnir hversu mikið ellilífeyrir hækkar fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað. Viðmiðunin er fjárhæð síðustu ellilífeyrisgreiðslu fyrir hækkun. Almennar reglur gilda um áunninn ellilífeyri vegna iðgjalda á frestunartímabilinu.

Fundarstjóri gaf síðan orðið laust um breytingar á samþykktum sjóðsins.

Enginn tók til máls og breytingarnar á samþykktum sjóðsins síðan samþykktar samhljóða.

9. Tillaga um lækkun réttinda.

Fundarstjóri las upp eftirfarandi tillögu:

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs leggur til við ársfund að áunnin réttindi sjóðfélaga 31.12.2009 verði lækkuð um 7%. Lækkun á lífeyrisgreiðslum komi til framkvæmda í tvennu lagi; 3,5% 1. júní 2010 og 3,5% 1. nóvember 2010.

Tillagan samþykkt með þorra atkvæða gegn þremur.

10. Kosning stjórnar.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögum um stjórnarmenn.

Tillaga kjörnefndar um fulltrúa aðildarsamtaka launamanna um stjórnarmenn:

Aðalmenn:	Hermann Magnús Sigurðsson	til tveggja ára til ársfundar árið 2012.
	Sigurrós Kristinsdóttir	" " " " " " "
Varamenn:	Sigurður A. Guðmundsson	til tveggja ára til ársfundar árið 2012.
	Kolbeinn Gunnarsson	" " " " " " "

Fundarstjóri lýsti eftir fleiri tillögum um fulltrúa aðildarsamtaka launamanna. Ekki komu fram aðrar tillögur og lýsti fundarstjóri þessa aðila rétt kjörna.

Fundarstjóri gerði síðan grein fyrir skipan Samtaka atvinnulífsins í stjórn sjóðsins:

Aðalmenn:	Heiðrún Jónsdóttir	til tveggja ára til ársfundar árið 2012.
	Vilhjálmur Egilsson	" " " " " " "
Varamenn:	Guðmundur Ásgeirsson	til tveggja ára til ársfundar árið 2012.
	Ásgeir Valdimarsson	" " " " " " "

11. Ákvörðun launa stjórnarmanna.

Fundarstjóri las upp eftirfarandi tillögu stjórnar um laun stjórnarmanna:

Ársfundurinn samþykkir að stjórnarlaun verði óbreytt: Mánaðarlaun aðalmanns verði kr. 55.000.-, laun formanns verði tvöföld eða kr. 110.000.- og laun varaformanns verði kr. 82.500.-. Ef varamaður tekur sæti í stjórn greiðast kr. 27.500.- fyrir hvern setinn stjórnarfund.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tók **Árni Jón Konráðsson** og vísaði til þess að hann hefði lagt fram bréf og athugasemdir til ársfundarins þar sem ein af tillögum hans væri að laun stjórnarmanna verði lækkuð um 17%. Árni Jón óskaði eftir að bréf og tillögur hans yrðu nú teknar fyrir.

Fundarstjóri hafnaði tillögu Árna Jóns og sagði að tillögur hans ásamt öðrum erindum sem hefðu borist falli undir önnur mál á dagskránni. Rétt sé samt að taka þessa tillögu um 17% lækkun stjórnarlauna nú til afgreiðslu.

Til skoðanaskipta kom á milli fundarstjóra og **Sigurðar T. Sigurðssonar** um hvor tillagan gengi lengra þ.e. tillaga stjórnar eða tillaga Árna Jóns og kæmi því fyrr til afgreiðslu. Fundarstjóri ákvað að þurfa að beygja sig af gömlum vana fyrir Sigurði T. og taka tillögu Árna Jóns fyrst fyrir.

Ekki komu fram aðrar tillögur og var tillaga Árna Jóns um 17% lækkun stjórnarlauna felld með þorra atkvæða.

Tillaga stjórnar var síðan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

12. Kjör endurskoðanda

Fundarstjóri las upp tillögu stjórnar um endurskoðanda:

Ársfundurinn samþykkir að endurskoðandi sjóðsins verði:
KPMG Endurskoðun hf., Borgartúni 27, Reykjavík.

Fundarstjóri upplýsti að fram hefði komið fyrr á fundinum tillaga frá **Erni Pálssyni** um að skipta um endurskoðendur sjóðsins. Sú tillaga kæmi til afgreiðslu ef tillaga stjórnar verði felld.

Ekki komu fram aðrar tillögur og var tillaga stjórnar um KPMG Endurskoðun hf. samþykkt með þorra atkvæða gegn fjórum.

13. Önnur mál.

Til máls tók **Sigurður T. Sigurðsson.**

Í upphafi máls síns gerði Sigurður það að tillögu sinni að svona efnismiklir fundir eins og þessi ársfundur færu fram á tveimur kvöldum og gott væri að ef stjórn Gildis myndi boða til sjóðfélagafundar í haust til að fara yfir málefni sjóðsins.

Sigurður gerði síðan grein fyrir tillögu til ályktunar sem hann og Reynir Albertsson höfðu sent sjóðnum.

Ályktunin er eftirfarandi:

„ Ársfundur Gildis – lífeyrissjóðs haldinn miðvikudaginn 28. apríl 2010 samþykkir að á vegum sjóðsins verði stofnuð þriggja manna nefnd skipuð einum fulltrúa sem Félag eldri borgara í Reykjavík velur og tveimur lögfræðingum í félagsrétti, sem stjórn sjóðsins velur. Hlutverk nefndarinnar er að gera hlutlausa úttekt á eftirfarandi ákvæðum í samþykktum sjóðsins og leggja mat á hvort þau brjóti að einhverju leyti í bága við lýðræðisleg réttindi sjóðfélaga til eðlilegra afskipta og ákvarðana varðandi lífeyrisréttindi sín:

Í fyrsta lagi ákvæði í 4. kafla sem veita stjórn sjóðsins vald til að ákveða breytingar á bótarétti lífeyrisþega án þess að boða fyrst til ársfundar eða aukafundar til kynningar og síðan ákvörðunartöku um breytingar.
Í öðru lagi ákvæði í 5. kafla að einungis kjörnir fulltrúar verkalýðsfélaga og Samtaka atvinnulífsins, svokallað fulltrúaráð, hafi atkvæðisrétt á ársfundum/aukafundum en ekki hver og einn sjóðfélagi.

Nefndin skili fyrrgreindri úttekt fyrir næsta ársfund eða aukafund lífeyrissjóðsins, þar sem hún verður kynnt og tekin til umræðu. Þar með er verkefni nefndarinnar lokið"

Sigurður fór síðan nokkrum orðum um hvernig hægt væri að auka lýðræðið varðandi atkvæðisrétt á ársfundum.

Sigurður las síðan upp greinargerð sem fylgdi ályktuninni.

Til máls tók **Jóhann Páll Símonarson**.

Jóhann Páll talaði fyrir ályktun sem hann og Jón Ó. Ólafsson höfðu sent sjóðnum. Jóhann Páll lýsti því yfir að ef tillaga þeirra um afsögn stjórnar og stjórnenda næði ekki fram að ganga, myndi hann beita sér fyrir því að allir sjómenn hættu iðgjaldagreiðslum til sjóðsins og færu annað.

Tillaga Jóhanns Páls og Jóns er eftirfarandi:

„ Þess er óskað formlega að framkvæmdastjóri, öll stjórn, og sjóðstjóri segi af sér strax og skipaður verði faglegur eftirlitsaðili með Lífeyrissjóðnum Gildi. Enn fremur er þess óskað að Fjármálaeftirlitið taki yfir alla stjórn og starfsemi lífeyrissjóðsins á meðan farið verður í gegnum öll gögn og lánasöfn og rækileg úttekt fari fram á stöðu sjóðsins. Tap sjóðsins verði skýrt á fullnægjandi hátt og gerð grein fyrir því með hagsmunagreiningu af hverju fór sem fór. Þetta er forsenda fyrir því að réttur sjóðfélaga verði tryggður til lengri tíma. Það er kominn tími á ábyrgð í stað eyðslu."

Með tillögu þeirra Jóhanns Páls og Jóns Ó Ólafssonar fylgdi síðan í fundargögnum nánari rökstuðningur fyrir tillögunni.

Til máls tók **Eiríkur Stefánsson.**

Eiríkur lýsti yfir stuðningi við tillögu þeirra Jóhanns Páls og Jóns Ó. Ólafssonar og ítrekaði fyrri ummæli sín á fundinum um að henda eigi atvinnurekendum út úr stjórnum lífeyrissjóða. Hann sagðist skora á fulltrúa launamanna að samþykkja þessa tillögu.

Til máls tók **Guðrún (föðurnafn vantar)**

Guðrún sagði það skrítna reynslu að mæta á fund í lífeyrissjóðnum sínum og hafa ekkert með það að gera hvernig mál skipuðust. Hún sagði ábyrgð þeirra fulltrúa sem hér færu með atkvæði á fundinum mikla og þeir bæru stóra ábyrgð á því hver staða sjóðsins væri.

Til máls tók **Sigurður Bessason.**

ÓA

Í upphafi máls síns þakkaði Sigurður þeim Sigurði T. Sigurðssyni og Reyni Albertssyni framkomna tillögu þeirra um lífeyrismál og fulltrúaráð, en ræddi síðan um skipulag sjóðsins og það fulltrúa fyrirkomlag sem sjóðurinn styddist við. Það ætti sér sögu í fortíðinni og byggðist á kjarasamningum allt frá árinu 1969 og hefði reynst vel. Sigurður gerði það að tillögu sinni og beindi þeirri fyrirspurn til þeirra Sigurðar T. og Reynis Albertssonar hvort þeir samþykktu að tillögu þeirra yrði vísað til Landssamtaka lífeyrissjóða og lífeyrisnefndar ASÍ þar sem best væri að ná sem víðtækustu samkomulagi um þær breytingar sem gera þarf. Lífeyrismálin væru síðan öll í skoðun bæði á Alþingi og hjá aðilum vinnumarkaðarins.

Til máls tók **Sigurður T. Sigurðsson.**

Sigurður sagði margt gott við tillögu Sigurðar Bessasonar og það væri eflaust gott að fá umræðu um þetta í fjölmennari hóp, en tillaga þeirra Reynis Albertssonar miðaðist fyrst og fremst við Gildi – lífeyrissjóð. Þeir væru sammála tillögu Sigurðar að því gefnu að það yrði ekki til þess að fresta málinu.

Fundarstjóri las upp fyrirspurn til stjórnar sjóðsins sem borist hafa frá **Þórði Jónassyni**:

1. *Hafa einhverir starfslokasamningar verið gerðir við sjóðstjóra eða aðra starfsmenn sjóðsins ? Ef svo er, þá við hverja og hvernig eru þeir samningar ?*
2. *Hver eru laun og starfstengdar greiðslur til sjóðstjóra ?*

Til máls tók **Vilhjálmur Egilsson.**

Vilhálmur svaraði þessum fyrirspurnum frá Þórði Jónassyni og upplýsti að engir starfslokasamningar væru í gangi hjá sjóðnum. Þar sem Tryggvi Tryggvason sjóðstjóri hefði sagt upp störfum óskaði Vilhjálmur eftir að upplýsa að starfslok Tryggva væru með þeim hætti að hann hefði ákveðnar skyldur við sjóðinn næstu fjóra mánuði og síðan uppsagnarfrest sem eru þrír mánuðir. Varðandi laun og starfstengdar greiðslur til sjóðstjóra, vísaði Vilhjálmur til fyrri svara um þetta atriði að laun einstakra starfsmanna væru ekki gefin upp, að undanskildum launum framkvæmdastjóra sem kæmu fram í ársskýrslu sjóðsins og væru hæstu laun sem sjóðurinn greiddi.

Fundarstjóri las upp tillögur og athugasemdir sem borist hafa frá **Árna Jóni Konráðssyni**.

1. *Legg til að laun stjórnarmanna verði lækkuð. Laun framkvæmdastjóra Árna Guðmundssonar verði lækkuð um 25% og laun stjórnarmanna verði lækkuð um 17%.*
2. *Að skerðing sú sem sjóðfélagar hafa fengið yfir sig verði dregin til baka.*
3. *Allar greiðslur útvegsmanna sem koma úr sjóðakerfi sjávarútvegsins sem iðgjöld verði sundurliðuð í reikningum.*
4. *Að greiðslur til Þórarins V. Þórarinssonar verði sundurliðaðar í reikningum lífeyrissjóðsins.*
5. *Því hafa athugasemdir sem ég hef gert við reikninga Lífeyrissjóðs sjómanna ekki fengið umsögn hjá ykkur en þeir sýna lækkun á eignum Lífeyrissjóðs sjómanna á árunum 1993-2003 um 1 milljarð króna ?*
6. *Ef laun stjórnarmanna lækka þá geta sjóðfélagar haldið sínum réttindum.*

Fundarstjóri fór yfir tillögur og athugasemdir Árna Jóns. Fundarstjóri úrskurðaði að einungis liðir 3 og 4 væru tillögu hæfir þar sem fundurinn væri nýbúinn að ákveða laun stjórnarmanna og lækkun réttinda sjóðfélaga, og liðir 5 og 6 væru atriði sem eðlilegt væri að vísa til stjórnar.

Fleiri tóku ekki til máls undir þessum lið.

Fundarstjóri bar síðan upp tillögu þeirra Sigurðar T. Sigurðssonar og Reynis Albertssonar þannig breytta að henni yrði vísað til Landssamtaka lífeyrissjóða og lífeyrisnefndar ASÍ.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar síðan upp tillögu þeirra Jóhanns Páls Símonarsonar og Jóns Ó. Ólafssonar um að framkvæmdastjóri, stjórn sjóðsins og sjóðstjóri segi af sér og FME taki yfir alla stjórn sjóðsins.

Tillagan var felld með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri bar síðan upp þær tvær tillögur Árna Jóns Konráðssonar sem hann hafði úrskurðað tækar til afgreiðslu fundarins.

Fyrst bar hann upp tillögu hans um að allar greiðslur útvegsmanna sem komi úr sjóðakerfi sjávarútvegsins sem iðgjöld verði sundurliðaðar í reikningum.

Tillagan var felld með öllum greiddum atkvæmum gegn einu.

Síðan bar fundarstjóri upp tillögu Árna Jóns um að allar greiðslur til Þórarins V. Þórarinssonar hrl. verði sundurliðaðar í reikningum lífeyrissjóðsins.

Tillagan var felld með þorra greiddra atkvæða.

Fundarstjóri sagði dagskrá fundarins tæmda og óskaði eftir heimild til handa fundarstjóra og fundarritara til að ganga frá fundargerð fundarins eftir lok fundarins. Það var samþykkt.

Slit fundar.

Vilhjálmur Egilsson stjórnarformaður sleit að svo búnu fundi kl. 21.10.

Með atkvæðisrétt á fundinum sátu 52 fulltrúar samtaka launamanna og 22 fulltrúar atvinnurekenda. Fjöldi annarra fundarmanna var um 100.

Þórarinn V. Þórarinsson
fundarstjóri

Örn Arnþórsson,
fundarritari